

241. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 18. desember 2008 kl. 20:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 444, dags. 11.12.2008.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 13 bréf Aldísar Sigurðardóttur, forstöðumanns Norska hússins, dags. 01.12.2008 varðandi stuðning við sumardagskrá Norska hússins.

Samþykkt að veita Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla styrk að upphæð kr. 400.000 til sýningarhalds.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 14 bréf Aldísar Sigurðardóttur, forstöðumanns Norska hússins, dags. 01.12.2008 varðandi fasteignagjöld.

Samþykkt að veita Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla styrk sem nemur fasteignagjöldum á Norska húsinu og Reitarvegi 3 árið 2009.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 15 bréf Stígamóta, dags. 28.11.2008 varðandi fjárbeiðni fyrir árið 2009.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við fjárbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf Ástu S. Kristjánsdóttur, verkefnisstjóra Snorraverkefnis, dags. 25.11.2008 varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2009.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 17 tillaga að fjárhagsáætlun fssf fyrir árið 2009 og minnisblað vegna fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun FSSF fyrir árið 2009 framlögð og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 18 bréf menntamálaráðuneytis, dags. 12.11.2008 varðandi styrk af fjárlögum til bátasafns í Stykkishólmi.

Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og EF

Liður 19 umsóknir um starf forstöðumanns Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir umsóknum. Samþykkt að bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður stjórnar Dvalarheimilis taki viðtöl við umsækjendur og komi með tillögu til bæjarstjórnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:EF og GDP

Samningar/tilboð

Liður 20 verksamningur - Tjaldstæði Stykkishólms þjónustuhús.

Verksamningur framlagður og samþykktur Davíð sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt, Davíð sat hjá vegna tengsla.

Annað/Fjármál.

Liður 23 drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009, síðari umræða.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar leggur til að á árinu 2009 lækki fastar greiðslur til bæjarfulltrúa um 15% frá því sem nú er og jafnframt lækki greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna um 15% vegna funda. Bæjarráð leggur einnig til að þrátt fyrir að hækkanir verði á viðmiðunartaxta (122/5) vegna kjarasamninga á árinu 2009, verði áfram stuðst við taxtann eins og hann er nú.

Greinagerð: Mikilvægt er að sýna aðhald í útgjöldum sveitarfélagsins eins og kostur er. Framangreind tillaga lækkar stjórnunarkostnað um eina milljón krónur á næsta ári.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:LÁH,BA og GDP

Liður 24 erindi frá Dreifmennt.

Samþykkt að veita Eyrúnu Sigþórsdóttur oddvita Tálknafjarðarhrepps umboð til að undirrita f.h. Stykkishólmsbæjar og Dreifmenntar fyrirbyggjandi samninga við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Menntamálaráðuneytið og Iðnarráðuneytið.

Til máls tóku:EF,LÁH,BA og GDP

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 08.12.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 08.12.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerðir fræðslunefndar, dags. 03.12.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 24.11.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Fjármál.

3.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009, síðari umræða.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að hámarksútsvar 13,28% verði innheimt á árinu 2009 fyrir Stykkishólmsbæ.

Við samþykkjum framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009 þó ekki lið númer 2 kaup á Aðalgötu 10 en þar greiðum við atkvæði á móti.

Lárus Á. Hannesson og Berglind Axelsdóttir.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009 samþykkt samhljóða, með fyrirvara um að forsendur fárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar breytis ekki við afgreiðslu Fjárlaga ríkisins fyrir 2009.

Bókun forseta bæjarstjórnar.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar var unnin og gerð undir mjög óvenjulegu ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hrun íslensku bankanna og kreppan gera það að verkum að verulegur samdráttur verður í efnahagslífi þjóðarinnar. Stykkishólmsbær þarf eins og allir aðrir að taka tillit til þessa raunveruleika í áætlunum sínum fyrir árið 2009. Við slíkar aðstæður er mjög mikilvægt að menn standi saman og vinni saman að því að verja þjónustu við íbúana í bænum.

Sem forseti bæjarstjórnar vil ég þakka bæjarstjórnarmönnum, minnihluta sem meirihluta, fyrir samstarf og samhug við að ná saman fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar við þessar aðstæður.

Einnig vil ég þakka starfsmönnum bæjarskrifstofu, þá sérstaklega bæjarritara Þór Jónssyni fyrir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Forstöðumenn stofnana hafa sýnt því góðan skilning að aðhalds skuli sérstaklega gætt á næsta ári, fyrir það ber að þakka.

Í þessu óvissuástandi sem við búum við er ljóst að fjárhagsáætlun þarf að vera í reglulegri endurskoðun á næsta ári og þarf bæjarstjórn þá að vera tilbúin að taka þær ákvarðanir sem þurfa þykir við breyttar forsendur.

Gretar D. Pálsson
Forseti bæjarstjórnar

Til máls tóku: GDP,ÓG,DS,LÁH og BA

3.2. Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2010-2012, fyrri umræða.

Samþykkt að vísa þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar til seinni umræðu.

Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 20:47
Þór Örn Jónsson